

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancet Rut Helgadóttir fóru boðað í reglubundið dýravelferðar- og smitvarnaeftirlit hjá Arnarlax að Steinanesi, sem starfrækt er samkvæmt rekstrarleyfi nr. FE-1105, þann 1. september 2026. Viðstaddur eftirlitið af hálfu eftirlitsþega var Lukasz Kamil Ostraszewski, svæðisstjóri, ásamt öðrum í áhöfn Lilju.

Sigt var frá Bíldudalshöfn að eldissvæðinu Steinanesi á bátum Lilju sem eftirlitsþegi lagði til. Skoðaðar voru eldiskvíar, þjónustubátur, prammi, búnaður til meltuvinnslu, fódurgeymsla, smitvarnir sem og velferð og ástand fisks.

Ekki er notast við lyfjablandað fóður á svæðinu og þess vegna er það skoðunatriði ekki skoðað.

Niðurstöður skýrslunnar byggjast á þeim gögnum, upplýsingum og aðstæðum sem skoðuð voru við eftirlitið. Þættir sem ekki voru teknir til skoðunar eru óskoðaðir og teljast því ekki hafa verið staðfestir sem fullnægjandi.

Tvö alvarleg frávik og eitt frávik voru skráð vegna þeirra eftirlitsatriða sem tekin voru til skoðunar og gerir Matvælastofnun þær kröfur að úrbótum verði lokið innan þeirra tímamarka sem fram koma í skýrslunni.

Matvælastofnun mun framkvæma eftirfylgni eftirlit að þeim tíma loknum.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Búningsaðstaða og fatnaður	03/11/2026
Dýravelferð- og smitvarnir - Þrif um borð í pramma	03/11/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning	03/11/2026

Viðstödd heimsókn
Kennitala viðtakenda
Skoðunarmaður
Tölvupóstur

Arnarlax ehf.
580310-0600
Magnús Ingi Jónsson
mast@mast.is

Undirbúningur
Frágangur
Tímar við úttekt
Akstur

30 mín.
2 klst.
3 klst.
2 klst.

Alvarlegt frávík

Dýravelferð- og smitvarnir
Búningsaðstaða og fatnaður

Frestur til úrbóta: 03/11/2026

Í 2., 3. og 4. málsgreinum 15. gr. reglugerðar um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr 300/2018 kemur fram að: "Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði. Í eldisstöðvum skulu vera búningsklefar þar sem starfsfólk, þjónustuaðilar og gestir geta skipt um hlífðarfatnað og skóbúnað. Gestum og eftirlitsaðilum skal afhentur hlífðar- og skófatnaður til notkunar í klak- og eldisrými eldisstöðvar. Þar skal og vera hreinlætisaðstaða. Hlífðar- og skófatnaður sem starfsmenn eldisstöðva nota í stöðinni skal ekki notaður utan hennar. Gólf í eldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega."

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá þrifaáætlun og þrifaskráningu á búningsaðstöðu til þess að geta staðfest að þrif og sótthreinsun fari fram. Umrædd gögn voru ekki til staðar og því skráist alvarlegt frávík.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Alvarlegt frávík

Dýravelferð- og smitvarnir
Þrif um borð í pramma

Frestur til úrbóta: 03/11/2026

Í 2., 3. og 4. málsgreinum 15. gr. reglugerðar um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr 300/2018 kemur fram að: "Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði. Í eldisstöðvum skulu vera búningsklefar þar sem starfsfólk, þjónustuaðilar og gestir geta skipt um hlífðarfatnað og skóbúnað. Gestum og eftirlitsaðilum skal afhentur hlífðar- og skófatnaður til notkunar í klak- og eldisrými eldisstöðvar. Þar skal og vera hreinlætisaðstaða. Hlífðar- og skófatnaður sem starfsmenn eldisstöðva nota í stöðinni skal ekki notaður utan hennar. Gólf í eldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega."

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá þrifaáætlun og þrifaskráningu á prammanum til þess að geta staðfest að þrif og sótthreinsun fari fram. Umrædd gögn voru ekki til staðar og því skráist alvarlegt frávík.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávík

Dýravelferð- og smitvarnir
Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning

Frestur til úrbóta: 03/11/2026

Í 6. gr. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum kemur fram að eftirlitsþega sé skilt að skrá alla lyfjanotkun. Skráningar á notkun svæfilyfs hafa ekki verið skráðar dagsdaglega, heldur einungis þegar fram fer lúsatalning, því skráist frávík.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 01/09/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 07/09/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 3 skoðunaratriðum, þar af 2 alvarleg frávik og 1 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Dýravelferð- og smitvarnir: 15 af 16 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 1 frávik og 2 alvarleg frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir

- | | | |
|-------------------------|--|--------------------------------------|
| • Verklagsreglur | • Merkingar (cat2/cat3) | • Meltuvinnsla |
| • Heilbrigði fiska | • Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra ... | • Búningsaðstaða og fatnaður |
| • Aðgengisstýring | • Búnaður um borð í þjónustubát | • Þrif um borð í þjónustubát |
| • Þrif um borð í pramma | • Fóðurgeymsla | • Dagbókarfærslur |
| • Dauðfiskaskráning | • Viðbragðsáætlanir | • Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir - Lyfjablandað fóður